


Alþingi
Erindi nr. P 139/2596
komudagur 20.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 20. maí 2011
Tilvísun: 2011040551AT/--

Umsögn

um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta)

Persónuvernd vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 29. apríl 2011, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta) (727. mál á 139. löggjafarþingi 2010-2011, þskj. 1251).

Með frumvarpinu er lögfest nýtt fullnustuúrræði, rafrænt eftirlit með dómþolum sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu auk þess sem hámarksrefsing sem unnt er að fullnusta með samfélagsþjónustu er hækkuð.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins lögfestir þrjár nýjar greinar, 24. gr. a - 24. gr. c sem fjalla um fullnustu utan fangelsis (rafrænt eftirlit), skilyrði rafræns eftirlits og skilyrði í rafrænu eftirliti. Í athugasemdum við 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun tólf mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða lengri undir rafrænu eftirliti. Þá segir jafnframt að ekki þyki rétt að ákveða fyrir fram hvernig búnaður verður notaður en um getur verið að ræða rafrænan búnað, öklaband eða annan viðlíka búnað sem fullnægir skilyrðum ákvæðisins t.d. farsíma sem búinn er myndavél og staðsetningartæki. Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti.

Persónuvernd telur það ekki falla innan verksviðs stofnunarinnar að meta hvers konar búnað æskilegt er að nota við rafrænt eftirlit sem kveðið er á um í frumvarpinu. Hins vegar telur

stofnunin mikilvægt að lögin innihaldi skýrt ákvæði sem kveði á um meðferð þeirra persónuupplýsinga sem safnist um hinn skráða (dómpola) með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar. Þá bendir Persónuvernd jafnframt á að mikilvægt sé að sömu öryggiskrafna verði gætt um upplýsingar, sem safnast með notkun rafræns staðsetningarbúnaðar, og endranær á við um upplýsingar sem safnað er um dómpola sem afplána fangelsisrefsingu sína á ólíkan hátt. Ef fangelsismálastofnun kemur til með að fá þriðja aðila til þess að annast hluta vinnslunnar sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, t.d. vegna þess búnaðar sem notaður verður við rafrænt eftirlit, er nauðsynlegt að gera vinnslusamning við umræddan aðila til samræmis við ákvæði 13. gr. framangreindra laga nr. 77/2000.

Undirritað frumrit hefur verið sent í bréfpósti til Nefndasviðs Alþingis.

Virðingarfyllt


Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur